

## SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR

### 1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

#### 1.1 Almennar upplýsingar

Skilmálar þessir gilda fyrir íþróttasvæði Fellabæjar í sveitarfélaginu Fljótisdalshéraði. Hér er lýst almennum upplýsingum um deiliskipulagssvæðið og nágrenni þess.

#### 1.2 Afmörkum skipulagssvæðisins

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af lóðamörkum knattspymuvallar, það er núverandi malarvelli og nánasta umhverfi hans. Stærð skipulagssvæðis og þar með stærð lóðar er 1,93 ha.

#### 1.3 Skipulagsleg staða

Skipulagssvæðið er í landi sveitarfélagsins Fljótisdalshéraðs. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Í gildi er aðalskipulag fyrir Fellahrepp 2000-2012. Deiliskipulagið samræmist gildandi aðalskipulagi.

### 2. DEILISKIPULAG

#### 2.1 Umferð

Aðkoma að íþróttasvæði verður frá Einhleypingi.

#### 2.2 Göngustígar

Gert er ráð fyrir göngustígum innan svæðisins sem tengjast aðliggjandi svæðum, meðal annars skóla og íþróttahúsi.

#### 2.3 Knattspymuvöllur

Byggður verður gervigrasvöllur þar sem núverandi malarvöllur er staðsettur. Stærð vallarins er 68 x 105 m og öryggismörk vallarins eru 77 x 115 m. Völlurinn verður upplýstur með 6 ljósamóstrum, allt að 18 m háum. (Sjá nánar í viðhengi með deiliskipulagi: "Greinargerð vegna lýsingar á gervigrasvelli Fellabæjar").

#### 2.4 Bílastæði

Bílastæði skulu vera í samræmi við 64. gr. byggingareglugerðar (441/1998). Koma skal fyrir bílastæðum við vallarhús knattspymuvallar. Þar af skal vera 1 bílastæði fyrir fatlaða.

#### 2.5 Lóð og byggingarreitur

Lóðamörk eru sýnd á skipulagsupprætti. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóða og lóðastærðum á mæliblöðum. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Á skipulagsupprætti eru sýndur byggingarreitur á lóð og skal hús byggt innan hans.

##### 2.5.1 Vallarhús fyrir gervigrasvöll



Gert er ráð fyrir að vallarhús fyrir gervigrasvöll verði staðsett innan byggingarreits vestan vallarins. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa byggingu á tveimur hæðum. Byggingarreiturinn er 320 m<sup>2</sup> en flatarmál gólfplatar byggingar skal að hámarki vera 200 m<sup>2</sup>. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls. Byggingin skal felld inn í brekkuna þannig að gengið verði inn á 1. hæð frá bílastæði en inn á 2. hæð frá knattspymuvelli. Sjá jafnframt skýringarmynd á deiliskipulagsupprætti, snið A-A.



ADALSKIPULAG FELLAHREPPS 2000-2012

### SKÝRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS / LÓÐAMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- GERVIGRASVÖLLUR
- VALLARLÝSING
- VEGIR / BÍLASTÆÐI
- GÖNGUSTÍGAR
- NÚV. GRÖÐUR
- NYR GRÖÐUR



DEILISKIPULAG ÞETTA SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SAMKVÆMT 25. GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGARLAGA NR. 73/1997 VAR SAMBYKKT Í BÆJARSTJÓRN FLJÓTSDALSHÉRAÐS ÞANN

BÆJARSTJÓRNIN Í FLJÓTSDALSHÉRAÐI

FLJÓTSDALSHÉRAÐ - FELLABÆR  
DEILISKIPULAG - ÍÞRÓTTASVÆÐI  
SKIPULAGSUPPRÁTTUR - TILLAGA

KVARDI-A1: 1:1000 / 1:500	TEIKN NR: 001
DAGS: 28.03.2007	HANNAÐ: FK/II
FLOKKUR: 7506	TEIKNAD: II
SKRÁ: 07031-pl.dwg	VERKNR: 07031